Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 19


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Eptirrit

af fundargjörð byggingarnefndar Reykjavíkur
27. marz '09

Innf. 26/3 '09
Br. 6

Ár 1909 þ. 27. marz átti byggingarnefndin fund með sjer og fór þetta fram.

1. Davíð Östlund leyft að taka burt gömul inngöngurið við hús hans Austurstr. 17, setja nýjar dyr, eitt þrep inn í húsið, en eitt utan.

2. Pálma adjunkt Pálssyni leyft að gera fjós, hlöðu og for á Meistaravelli undir umsjónd heilbrigðisnefndar. Húsið sem fjósið og hlaðan eru, er 9° × 11° að stærð.

3. Hlutafjelaginu. Bakkabúð leyft að (gera) reisa tvö áföst einlopta timburhús til íbúðar aðgreind með eldvarnarvegg gafli, samtals að stærð 20¼ × 10° og tveir skúrar hvor um sig 5° × 6°. –

4. Jónasi Guðmundssyni leyft að reisa einlopta íbúðarhús úr timbri á lóðinni Grettisgötu 22 B, á lóðarmörkum með eldvarnarvegg í austurenda. Húsið er 10 × 10° með forstofu 2° × 3½° og skúr 2° × 3½° og er leyfið bundið því skilyrði að í skúr þennan verði settur eldvarnarveggur að austan, með því þar er skúrinn að sínu leyti nær en 3° frá mörkum.

5. Kristni Guðmundssyni leyft að reisa skúr 4° × 9° á suðausturhorni lóðar hans Njálsg. 26

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Gunnari Bjarnasyni, Bergst.str. 6 leyft að gera íbúð í helming kjallarans undir húsi hans Frakkastíg 19, að áskildu samþykki heilbrigðisnefndar.
7. Sveinir trjesmið Sveinssyni veittar af hálfu bygginganefndar undanþágur frá því að breyta bitum og setja tvöfalt gólf í verkstæða hús hans Bankastr. 14, sem hann ætlar nú að breyta í íbúð.
8. Jóni Jónssyni synjað um leyfi til að byggja ofan á húsið Hverfisg. 18 B (síðasti fundur nr. 4).
9. Bygginganefndin kærir Jóhannes Lárusson trjesm. fyrir ólöglega sundurskiptingu á byggingu á lóðinni Hverfisg. 18 til sektar og til lagfæringar. –
10. Bygginganefndin kærir þá Ólaf Magnússon trjesm. og Kristófer Sigurðsson járnsm. fyrir ólöglega skiptingu á lóð Skólavörðustíg 4 til sektar og lagfæringar. –
11. Bygginganefndin kærir Jóhannes Lárusson trjesm. fyrir að hafa ekki rifið niður ólöglega byggt salerni á Skólavörðustíg 4, og krefst þess að hann verði með dómi skyldaður til að rífa salernið tafarlaust.
12. H. Th. A. Thomsen leyft að setja dyr í glugga stað austan á framhlið húss síns, Hafnarstr. 22
13. Einari Jónssyni leyft að lengja hús sitt, Laugaveg 71, 10" breitt um 3 álnir; í lengingarinnar stað fellur niður skúr jafnstór um sig. Ennfremur leyfður inngönguskúr 2° + 2½°.
14. Þorsteini járnsmið Tómassyni leyft að setja nýjar dyr í stað mitt glugga...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húsi hans Lækjarg. 10 og niðurgang í kjallarann, með því móti að niðurgangan fari ekki yfir 10" fram frá húshlið.

15. Byggingarnefndin kærir Jónas Guðmundsson Hverfisg. 16 fyrir salerni byggt í leyfisleysi og of nærri mörkum, til sekta og niðurrifs.

16. Sigurði Jónssyni frá Fjöllum leyft að gera hesthússkúr 5¼ x 9⅓' við Laugaveg 77 B að tilskildu leyfi heilbrigðisnefndar.

17. Erindi Páls járnsmiðs Magnússonar svarar byggingarnefnd svo, að við neðri hluta Hverfisgötu vilji hún ógjarnan leyfa nema vönduð hús og sjeleg, og synjar honum um leyfi til að gera bráðabirgðarskúr.

Fleira ekki fyrirtekið. Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kn. Zimsen. Sveinn Jónsson

Jón Jensson Sig. Thoroddsen Rögnv. Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Byggingarnefndarfundur 27. mars 1909.

1/. Pálmi Pálsson. Fjós.
2/. Bakkabúðar-Útvalsfjelag. Hús.
3/. Jónas Guðmundsson. Íbúðarhús.
4/ Kristinn Guðmundsson. Skúr
5/. Gunnar Bjarnarson. Frakkastíg. Breyting.
6/ Sveinn Sveinsson. Bankastræti 14.
7/ Jón Jónsson Hverfisgötu 18 B.
8/ Húseigninni Skólavörðustíg 4C.
9/. Skólavörðustíg 4 (Jóh. Lárus.) Salerni
10/ Thomsen. Skúr.
11/ Thomsen. Breytingar.
12/ Einar Jónsson. Laugaveg 71. Breytingar.
13/ Þorl. Tómasson, Ljelyargötu. Dyr.
14/ Jónas Guðmundsson. Hverfisg. 18 A (Salerni)
15/ Páll Magnússon.
16/ Sigurður Jónsson. Fjallum. Skúr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með brjefi dags. 19. þ. m. hefur borgarstjórinn fyrir hönd bæjarstjórnarinnar tilkynnt mjer, að mjer sjeu leyfðar breytingar á vesturenda húss míns, til að gera þar íbúð, með þeim skilyrðum, að stigi verði lögmætur, eldavjel nógu fjarri trje og húsið að öðru leyti samkv. fyrirmælum byggingarsamþ. um íbúðarhús.

Tvö fyrri skilyrðin mun jeg að sjálfsögðu uppfylla, en síðasta skilyrðið um að „húsið að öðru leyti verði samkvæmt byggingarsamþ. um íbúðarhús", skal jeg leyfa mjer að taka fram, að sú breyting verður mjer svo kostnaðarsöm og veldur svo miklu raski, ef það er meining bæjarstjórnarinnar að jeg breyti bitum og setji milliloft, að jeg að líkindum verð að hætta við breytinguna. Til þess að gjöra slíka breytingu þarf að rífa upp allt gólf á efri hæðinni m. m. –

Bitarnir sem nú eru í húsinu eru 5×5" með 32" bili mælt á miðjan bita en eftir samþ. ættu þeir að vera 5×6" og 36" af miðju á miðjan bita, svo mismunur á burðarmagni er eigi mikill.

Jeg leyfi mjer því að mælast til þess að hin háttvirta byggingarnefnd veiti þá undanþágu, við breytingu þessa, að jeg eigi þurfi að raska bitalaginu nje leggja milliloft, þar sem undanþága þessi felst í niðurlagi 2. gr. byggingarsamþykktarinnar.

Reykjavík 25 Marts 1909

Sveinn Sveinsson

Virðingarfyllst

Til

B. Rvk. 163/1909 By. 6

Byggingarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt beiðni, hr. kaupmanns Jóns Jónssonar á Hverfisgötu 18 hér í bænum, skal ég undirritaður gefa upplýsingar um hús hans no 18 við Hverfisgötu, í því skyni, að byggingarnefnd kaupstaðarins leyfi honum að byggja ofan á það.

Haustið 1907, var mér falið á hendur, af þáverandi eiganda hússins, sem var fjarverandi um það leiti, að breita nefndu húsi og var þá strags gert ráð fyrir, að síðar mætti byggja ofaná það ef þörf gerðist. Af þeim ástæðum voru þær breitingar sem á húsinu voru gerðar, látnar fullnægja kröfum byggingarsamþyktar bæarins í öllu. Í hliðar hússins var bætt nýjum stöfum þannig: að 8 stafir eru í hverri hlið hússins (10 álna lengd), settir á sama hátt og vanalega í nýjum húsum, en gaflstafir voru látnir vera eins og þeir voru, enda eru eldvarnar veggir á báðum göflum hússins Klæðning og járn var látið óhreift á göflunum.

Loftbitarnir eru ekki nægilega sterkir ef bygt er ofaná húsið, því gert var ráð fyrir, að þeir mundu verða umbættir, þegar að því kæmi. Að öðru leiti er húsið fyllilega í því standi að byggja ofan á það.

Reykjavík 22. marz 1909.

Guðm. Ásbjörnsson.

162

B. Rob... [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður sem var með Guðmundi Ásbjörnssyni við breytingu á húsi Jóns Jónssonar kaupm. við Hverfisgötu 18 hjer í bænum viðurkenni hjer með að hinsvegar rituð lýsing af húsinu er í alla staði rjett.

Reykjavík 23 marts 1909

Þórður Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi ég mér að endursenda hinni heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur, uppdrátt af húsi mínu við Hverfisgötu 18B, og endurtaka beiðni mína um það, að fá samþykki hennar til að byggja lofthæð ofan á húsið samkvæmt uppdráttunum.

Einnig leyfi ég mér að endurtaka beiðni mína um undanþágu frá því að hafa 2 stiga, þar eð það er alveg ómögulegt að koma þeim fyrir, og skal eg geta þess, að ef eg ekki fæ þessa undanþágu, er mér varnað þar með að byggja ofan á húsið þannig, að það verði að fullum notum.

Hér með fylgir vottorð frá smiðum þeim er breyttu húsinu síðast, um það, hvernig gengið var frá því þá og vona eg – hvað það atriði snertir – að það sé nægilegt til þess að byggingarnefndin gefi samþykki sitt til nefndrar byggingar.

Reykjavík 26 marz 1909

Virðingarfyllst

Jónsson

Til

Byggingarnefndarinnar

í

Reykjavík

B. Rvk. 162/1909 By 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**THOMSENS MAGASÍN**
**H. TH. A. THOMSEN.**
**REYKJAVÍK.**

SÍMNEFNI: H A T. TALSÍMI: I, 2, 3.

Reykjavík 26. Marz 1909.

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd, að hún veiti mjer leyfi til þess, að breyta norðurhlið húseignar minnar nr. 22 í Hafnarstræti (Liverpoolshús) þannig, að setja dyr þar sem næst-austasti glugginn (miðgluggin austanvert við forstofudyrnar) er nú.

Svar óskast sem fyrst.

Virðingarfyllst

pr. pr. H. TH. A. THOMSEN
Karl Nikulásson.

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 16 i / 1909 D 5.6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður leyfi mjer hjermeð, að málast til að hin háttvirta byggingarnefnd leyfi mjer að gjöra þá breytingu á húsi mínu № 71 við Laugaveg, að jeg rífi niður skúr þann sem byggður er við austurenda hússins og byggi á sama grunni viðbót til íbúðar í sama stíl og húsið er, svo og að byggja forstofu við vesturenda þess hvorttveggja eins og meðfylgjandi teikningar sýna.

Virðingarfyllst
Reykjavík, 27. Marz 1908
Einar Jónsson Trésm.

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 160/1909 [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vegna þess að húsum á svæði því hjer í bænum, sem jeg á að sóthreinsa hefir fjölgað um 70 frá því jeg tók við þessum starfa, svo að þau nú eru orðin 700, leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn að hún hækki sótaralaun mín framvegis í hlutfalli við það, sem húsin hafa fjölgað frá því mjer var veitt þessi staða.

Jafnframt leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn, að hún gjöri ákvörðun um hve lengi dags jeg megi vinna að sóthreinsuninni, eða hve langt fram á dag húsráðendur sjeu skyldugir til að lofa mjer að sóthreinsa hús sín, eptir aðvörun minni einum degi fyrirfram; því um það er engin ákvörðun til, svo mjer sje kunnugt. En jeg vildi helzt óska að jeg mætti hreinsa allan daginn þegar veður og aðrar ástæður leyfa, enda eru nokkrir húsráðendur, sem fúslega leyfa mjer það, og telja sjer það að öllu meinfangalaust. En fjöldi manna er mótfallinn því að jeg hreinsi hjá sjer nema aðeins á 1 eða 2 tímum að morgni dags, frá kl. 7–8. og með þeim hætti er mjer ómögulegt að geta komið sóthreinsuninni af.

B. Rvk. 159/1909 BS6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í lokatíð, nema með því fá mjer aðstoðarmann til að geta leyst verkið af hendi á rjettum tíma, en til þess að borga honum starf sitt, get jeg ekkert misst af launum mínum frá mínu þunga fjölskylduheimili

Sem sagt, óska jeg helzt af öllu að mjer verði leyft að mega hreinsa hjá hverjum húsráðanda sem er, á hverjum tíma dags sem er, eptir aðvörun minni einum degi fyrirfram, þegar gott veður og aðrar ástæður leyfa; því með því eina móti er mjer mögulegt sjálfum að geta lokið verkinu á rjettum fyrirskipuðum tíma, án þess að taka mjer aðstoðarmann.

Jeg skal leyfa mjer að geta þess að nokkrir hinna háttvirtu bæjarfulltrúa þekkja mig, og vita hvernig jeg leysi sóthreinsunarstörf mín af hendi.

Laugavegi 37 í Reykjavík, 3. marz 1909.

Virðingarfyllst.

Kristján Sæmundsson.

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með bið jeg undir-skrifaður, hina háttvirtu Byggingarnefnd Reykjavíkur svo vel gjöra og útmæla mjer hússtaði, á lóð minni við Grettisgötu, að stærð og gerð sem meðfilgjandi uppdráttur sínir

Virðingarfyllst

Reykjavík 5 Martz 1909

Jónas Guðmundsson

B. Rvk. 158/1909 Bj. 6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 12 Marz 1909

Til

Byggingarnefndar

Reykjavíkur

Undirritað fèlag sendir háttvirtri byggingarnefnd bæarins hjer með beiðni, um að meiga byggja tvö ~~tvö~~ samstæð hús á lóð sinni við Lindargötu samkvæmt uppdráttum þeim er beiðninni fylgja.

Virðingarfyllst

pr. Timburverzlunin Bakkabúð.

Guðm. Magnússon

B. Rek. 157/1909 By. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir uppdrætti er jeg hef
látið gera leifi jeg mjer að
biðja hina háttvirtu
byggingarnefnd Reykjavíkur
um útmælingu undir skúr
4×9 er jeg hef áformað að
reisa á lóð minni við
Njálsgötu No 26

Reykjavík 28 maí 1909

Kristinn Guðmundsson

Til

Byggingarnefndar

B. Rvk. 156 / Bygg. B. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með bréfi þessu leyfi eg mér virðingarfylst að sækja um leyfi til að láta reisa fjós með heyhlöðu og for við íbúðarhús það úr steini, er eg á á Meistaravelli við Kaplaskjólsveg,
/. eftir því sem viðlagður uppdráttur sýnir.

Til er ætlast, að húsið verði ofan jarðar af timbri og járni og með skúrþaki móti norðri.

Reykjavík 29. janúard. 1909.

Pálmi Pálsson

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 155/1909 By. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður heilbrigðisnefndar bæjarins hefir tjáð mér, að nefndin hafi samþykt að veita mér leyfi til að reisa fjós með heyhlöðu og for við íbúðarhúsið á túni mínu, svo sem eg fór fram á við byggingarnefndina í bréfi, dags. 29. jan. þ. á. Þessi úrslit kvaðst hann hafa tilkynt bæjarstjóra.

./. Hér með sendi eg hinni virðulegu byggingarnefnd uppdráttinn af þessu fyrirhugaða verki og vænti svars svo fljótt sem auðið er.

Reykjavík 21. marsd. 1909.

Virðingarfylst

Pálmi Pálsson

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 155/1909 By. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi eg undirskrifaður mér, að biðja hina heiðruðu byggingarnefnd að veita mér leyfi til þess, að setja nýjar útidyr á austur-hliðina á kjallaranum undir íbúðarhúsi mínu við Lækjargötu. Það eru 3 gluggafög að norðanverðu við forstofu tröppurnar, og meiningin er að taka með gluggafagið í burtu, og setja þar þessar nýju dyr.

Reykjavík 26 marz 1909.
Virðingarfylst.

Þorsteinn Tómasson

Til
Byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 152/1909 Dy. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Her með leifi eg mjer undirskrifaður, að byðja hina heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur um að leifa mjer að byggja skúr við hesthús mitt á baklóð № 77 við Laugaveg.

Reykjavík 2/7 1909

Virðingarfyllst.

Sigurður Jensson Fjöllum

B. Rvk. 153/1909 By. 6

Til Byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til byggingarnefndar
Reykjavíkur.

Með því að jeg undirritaður hef í hyggju að kaupa lóðina við Hverfisgötu, næstu fyrir neðan Pjetur Brynjólfsson ljósmyndara, 16 al. með Hverfisgötu, þá leyfi jeg mjer hjermeð að leita upplýsinga um það hjá hinni háttvirtu byggingarnefnd, hvort jeg geti fengið leyfi til þess að byggja á nefndri lóð og reisa þar lausaskúr til bráðabirgða.

Reykjavík 27/3-09

Virðingarfyllst
Páll Magnússon

B. Rvk. 151/1909 By. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 24. febr. 1909.

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur kaupstaðar að hún veiti mjer heimild til að innrjetta til íbúðar helming kjallarans undir húsi mínu №. 19 við Frakkastíg hjer í bænum og sömuleiðis að mega flytja dyr þær á nefndum kjallara, sem út að götunni snúa um hjer um bil eina alin til norðurs.

Hæð kjallarans undir lopt er rúmar fjórar álnir og er gólfið, sem trjególfið verður lagt yfir, steinsteypt. Ætlast er til að innrjettingin verði aðeins ein stofa og eldhús auk lítils skáps við innganginn.

Með mikilli virðingu

Gunnar Bjarnarson.

Bergstaðastræti 29

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur kaupstaðar

í

Reykjavík

B. Rvk. 164/1909 Bý. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FRÆKORN
HEIMILISBLAÐ MEÐ MYNDUM
RITSTJÓRI DAVID ÖSTLUND

Reykjavík 15. marz 1909.

Hjer með leyfi eg mjer að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur að leyfa mjer að taka burtu þær trøppur, sem eru meðfram húsi mínu nr. 17 við Austurstræti, setja nýjar dyr og leggja eitt trøppustig inn í húsið, svo að aðeins tarfnast einn steinn utan við gøtuna.

Virðingarfylst,

David Östlund

Til

Byggingarnefndar

Reykjavíkur.

B. Rvk. 165/1909 By 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur